

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. júní 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, með síðari breytingum, 4. mál.

Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar og er þetta sameiginleg umsögn þeirra.

Með frumvarpinu er ætlunin að lögfesta ákvæði Evrópureglugerðar nr. 1013/2006. Með því er innleitt verklag um flutning á úrgangi sem tíðkast um alla Evrópu og hefur að nokkru verið stundað hér. Að auki er Umhverfisstofnun heimilt að innheimta gjald vegna umsýslu við tilkynningar, sýnatöku og eftirlit. Í fylgiskjali með frumvarpinu segir að árlega séu 20-30 farmar úrgangs fluttir úr landi og er áætlað að kostnaður stofnunarinnar vegna þeirra verði um 2 m.kr. á ári. Umsagnaraðilar átta sig ekki á hvernig talan 20 – 30 farmar er tilkomin né hvernig ætlunin er að innheimta 2 m.kr. vegna þeirra flutninga sem héðan eru stundaðir af nokkrum fyrirtækjum. Einungis lítill hluti úrgangs er tilkynningaskyldur og sýnataka og eftirlit hefur ekki verið reglulegt. Þetta vekur áhyggjur og ástæða þykir til að áréttta að gjaldtöku af þessu tagi skal vera stillt í hóf og sú vinna sem stjórnvöld leggja í eftirlit í samræmi við umfang rekstursins. Æskilegt væri að eftirlit væri samþætt öðru eftirliti sem nú þegar er til staðar.

Í 3. gr. b. (13. gr.) er ákvæði um að Umhverfisstofnun skeri úr um ágreining um hvort um vöru eða úrgang sé að ræða ef vafi leikur á því. Sú ákvörðun á ekki að vera áfrýjanleg. Hér getur verið um mikið hagsmunamál að ræða því eins og sést af þessum lagabálki er stjórnarsýsla í kringum flutning á úrgangi mun þyngri og meira íþyngjandi en vegna flutnings á öðrum vörum. Skil á milli úrgangs og hráefnis geta verið óljós, einkum þegar verslað er með endurunnin efni. Spurningin er hvenær hættir úrgangur að vera úrgangur og verður endurunnið hráefni. Þar sem um mikið hagsmunamál er að ræða leggja umsagnaraðilar til að hægt verði að skjóta ákvörðun Umhverfisstofnunar til æðra stjórnvalds, þ.e. umhverfisráðuneytis.

Í sömu grein er að finna ákvæði sem hljóðar svo: "Óheimilt er að flytja tiltekna tegundir úrgangs milli tiltekinna landa..." og að ráðherra skuli setja reglugerð um þau lönd og úrgang sem þetta ákvæði nær til. Æskilegt er að fram komi til hvaða úrgangs þessu er ætlað að ná og þá eins hvaða landa. Án frekari útskýringa er þetta ákvæði allt of vítt auk þess að vera frekar einkennilegur lagatexti.



Pétur Reimarsson
Samtök atvinnulífsins



Bryndís Skúladóttir
Samtök iðnaðarins